

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1665/2006

2011/EES/59/33

frá 6. nóvember 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 er kveðið á um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis, einkum að því er varðar heilbrigðismerkingu.
- 2) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2075/2005 frá 5. desember 2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti⁽²⁾ er yfirleitt ekki leyft að kjöt af alisvínnum sé fært frá sláturhúsum áður en niðurstöður úr rannsóknum á tríkínusmiti hafa verið tilkynntar opinberum dýralækni. Hins vegar er með reglugerð (EB) nr. 2075/2005 leyft með sérstökum ströngum skilyrðum að setja heilbrigðismerki á kjötið og leyfa flutning á því áður en niðurstöður eru kunnar. Við slíkar aðstæður er brýnt að lögbæra yfirvaldið staðfesti að hvenær sem er sé unnt að rekja til fulls feril kjötsins sem leyft var að flytja.

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2075/2005 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2075/2005 komi eftirfarandi:

„3. Ef fyrir hendi eru starfsreglur í sláturhúsum til að tryggja að engir hlutar skrokka, sem skoðaðir eru, fari af athafnasvæðinu fyrr en niðurstöður úr rannsókn á tríkínu reynast neikvæðar og lögbært yfirvald samþykkir starfsreglurnar formlega eða ef undanþágan, sem veitt er í b-lið 2. mgr. 2. gr. á við, má nota heilbrigðismerkið, sem kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, áður en niðurstöður rannsóknar á tríkínu liggja fyrir.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 10.4.2008, p. 58.

(¹) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206, leiðrétt með Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2076/2005 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83).

(²) Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 60.